

SKÓGARVÖRDUR UMDÆMISINS:

SIGURÐUR JÓNASSON.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.

1949.

SKAGAFJARÐARUMDÆMI.

SKOGRÆKT RIKISINS.

## STARFSSKYRSLA.

um vinnu Sigurðar Jónassonar á vegum Skógræktar Ríkisins  
árið 1949.

Girðingar Viðhald girðinga var töluvert, enda var óvenjulega  
snjóþungt seinnihluta vetrarins. Varð t.d. að hækka upp  
Reykjarhólsgirðinguna á köflum með auka strengum, til að  
fyrirbyggja ágang búpenings.

Girðingarnar á Reynistað, Svaðastöðum, Vöglum og í Brim-  
nesi spiltust nokkuð af völdum snjóa, en viðgerð á þeim  
kostaðu landeigendur sjálfir.

Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu, vegna þess,  
að girðingarefni var ekki fyrir hendi, þó var lagður til *vir*  
í 600 m. girðingu á Egilssá í Norðurárdal, en staúra og vinnu  
við uppsetningu girðingarinnar kostaði ,ábúandi jarðarinnar.

Græðireiturinn. Þar sem eg kom ekki heim úr Noregsförinni  
fyr en í lok Júnímánaðar, virtist mér of seint að fara að  
undirbúa fræbeð til sáningar, enda var þá mjög aðkallandi  
að gróðursetja norskar fúrplöntur, sem *é* hafði flutt með  
mér úr Reykjavík. Var því horfið að því ráði að sá engu  
í reitinn en geyma 2ja ,ára plönturnar, sem annars voru  
ætlaðar til útplöntunar í vor, til næsta árs.

Á komandi vori ættu að verða í reitnum ca. 25.000 st. af  
söluhafum ~~þáttum~~ plöntum og verður þó allnið eftir af 2ja  
ára plöntum.

Brotið var land um 320 fermetrar út frá fræbeðunum á

lóðinni við hús skógarvarðar og undirbúið fyrir sáningu næsta vor.

Í Reykjarhólegirðingu var hafinn undirbúningur að græðireit, þar var plægt og herfað ræktað land ( 6.000 fern) á gamla eyðibýlinu, Laugarbrekku. Er í ráði, að þar verði uppeldisstöðin í framtíðinni.

Vorið var með afbrygðum kalt fram um miðjan Júní. En vegna fjarveru minnar, er mér ekki fyllilega ljóst hvenær laufgun byrjaði í fræbeðunum, en þegar ég kom heim, 1. Júlí, voru plönturnar orðnar al laufgaðar.

Sumarið var allgott og döfnuðu plönturnar vel, enda þótt vaxtartíminn væri skemmri en í meðallagi. Í haust<sup>var</sup> hæð 3ja ára plantnanna uppí 50 cm. en 2ja ára 20 - 30 cm. í bestu beðunum.

Lauffall byrjaði ekki fyr en um 20. Sept. og var því að mestu lokið 15. Okt.

Nokkuð bar á riðsvepp á yngri plöntunum, en þó ekki svo að tjón hlytist af, enda var dælt á beðin "Bordeauxdufti" vikulega tveggja mánaða tíma, frá 15. Júlí til 15. Sept.

Áburður. Tilbúinn áburður var borinn í fræbeðin 10. Júlí, var það einungis Noregssaltpétur 13 % k. Áburðurinn var borinn á óuppleystur, 10 gr. á fermetra.

Ferðalög. Á árinu hafði ég mikil ferðalög:

8. Marz fór ég til Tromsfylkis í Noregi, til að kynna mér skógrækt. Dvaldi ég þar til 27. Júní á vegum R. Batens skogm. í Tromsfylke. Starfaði ég þar meðal annars við fræsöfnun, þrækjingu fræs, skógargrisjun, gróðursetningu plantna og sáningu

í útjörð, auk þess vann ég um tíma við uppeldisstöðvarnar í Andselv og Harstad.

2. Júlí fór ég með 500 furuplöntur vestur í Húnavatnssýslu, voru þær gróðursettar í reitum Skógræktarf. Húnv. í Langadal og Svartárdal. Í þeirri ferð fór ég að Blöndudalshólum og leiðbeindi með útplöntun úr uppeldisreit.

4. Júlí fór eg að Reynistað með 1000 furuplöntur, var þeim ~~þá~~ plantað þar í skógræktargirðinguna.

5. Júlí fór ég með 500 furur að Hellulandi.

6. Júlí flutti ég 500 furuplöntur að Skörðugili og gróðursetti þar í skógræktarreit U. m. f. Seyluhrepps.

7. - 14. Júlí fór ég um Höfðaströnd, Óslandshlíð og Viðvíkurhr. til ~~mei~~ líta eftir skógræktargirðingum og velja lönd til skógræktar.

19. Júlí fór ég vestur í Húnavatnssýslu og dældi á tré í Finnstungu, Blöndudalshólum og Syðra-Tungukoti.

24. Júlí fór ég um Akrahrepp að athuga skógræktargirðing- ar. Yfirleitt voru girðingar í góðu lagi en nokkuð þar á toppkali í plöntum, einkum í Vaglahólfinu.

1. Ágúst fór eg um Lýingsstaðahrepp og valdi land til skógræktar á Varmalæk.

7.-9. Ágúst fór ég eftirlitsferð að Reynistað, Svaðastöðum og Viðvík.

14. Ágúst fór ég til Hóla og valdi land til skógræktar á Hlíðarenda í Óslandshlíð.

19. Ágúst fór ég að Hofi á Höfðaströnd, og mældi jafn.

framt Ljótsstaðaskóg, einnig athugaði ég möguleika fyrir gróðursetningu barrplantna í skóglendinu á Ljótsstöðum.

27. Ágúst fór ég að Flatartungu og valdi þar land fyrir skógræktarreit sunnan við túnið.

5. Sept. fór ég til Skagastrandar, eftir beiðni Páls Jónssonar formans skógræktardeildarinnar þar í kauptúninu.

Rannsókuðum við skilyrði til skógræktar þar í nágrenninu, og völdum að lokum lífin blett í túni norðan við kauptúnið og annan smá blett austan í Höfðanum vestanvert við Kaupfélagið.

Á báðum þessum stöðum höfðum við gróðursett nokkrar birkiplöntur vorið 1948 og virtust þær þrífast samilega, eiklum í höfðanum. Þessir blettir eru ógiltir að mestu og er óumflýjanlegt að girða þarna á komandi vori.

12. sept. fór ég vestur að Gauksmýri og mældi þar fyrir skógræktargirðingu.

28. Okt. fór ég til Reykjavíkur á aðalfund Skógræktarfélags Íslands.

27. Nóv.-1. Des. fórum við Ólafur á Hellulandi um Fljót, Sléttuhlíð, Höfðaströnd og Hjaltadal. Tilgangur fararinnar var að vekja áhuga fyrir skógrækt, velja land til skógræktar, þar sem þess var óskað og gefa leiðbeiningar um fyrirkomulag skrúggarða. Einnig unnum við að því, að koma á deildaskiptingu í Skógræktarfélagi Skagfirðinga. Í þessu ferðalagi hittum formenn Ungmennafélaga og barnakennara og skoruðum á þá að vekja og glæða áhuga fyrir skóggæðslunni meðal ungu kynslóðarinnar.

Gróðursetning Síðastliðið vor annaðist ég gróðursetningu  
plantna fyrir Skógrækt Ríkisins á eftirtöldum  
stöðum:

Reykjarhólsgirðing .....	5000	st	fura	x
Skógræktarfélag A-Hún. ....	500	"	"	
Skógræktargirðing U.m.f. Seyluh.	500	"	"	
Hellulandi .....	500	"	"	
Reynistað .....	1000	"	"	
	Samtals	7500	st.	

Laugarbrekku, 1. Janúar 1950.

*Sigurður Jonasson*